

Reikningsskilaráð ríkisins

62. Fundur – 6. apríl 2022 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingbór Karl Eiríksson, Ólafur Hjálmarsson og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir.
- Fjarverandi: Björn Þór Hermannsson
- Fulltrúar ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason (BF) og Ingi K. Magnússon.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 61. fundar samþykkt.

2. Staðlar og álitamál

BF kynnti íslenskaða gátlista sem hann dreifði um innleiðingu allra IPSAS staðla. Í því samhengi fjallaði hann um ríkisreikning 2020 og benti á ýmis atriði sem vert er að hafa í huga við gerð ríkisreiknings 2021. Jafnframt var rætt um staðla sem eftir á að innleiða og að gera þurfi ítarlega grein fyrir þeim í ríkisreikningi 2021.

3. Erindi beint til ráðsins

3.1. Frestun staðla í ríkisreikningi 2021 ásamt áætlun um innleiðingu þeirra síðar

Reikningsskilaráð tók fyrir sameiginlegt erindi fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Fjársýslu ríkisins dagsett 6. apríl 2022 þar sem óskað er eftir að reikningsskilaráð ríkisins heimili frestun á innleiðingu 5 IPSAS-staðla við uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 2021. Er þar vísað til 52. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál þar sem kveðið er á um að reikningsskilaráð geti frestað tímabundið að taka upp hluta af stöðlunum, enda liggi til þess málefnalegar ástæður. Þeir staðlar sem hér um ræðir eru:

- IPSAS 13 um leigusamninga
- IPSAS 35 um samstæðureikningsskil
- IPSAS 36 um fjárfestingar í hlutdeildarfélagum og sameiginlegum verkefnum (að hluta)
- IPSAS 37 um samrekstur (joint arrangement)
- IPSAS 38 um upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum rekstrareiningum

Með erindinu fylgdi minnisblað Fjársýslu ríkisins þar sem ástæður erindisins eru rökstuddar og einnig sett fram áætlun um innleiðingu staðlanna á næstu árum.

3.2. Framsetning á skuldbindingum og framlögum til Uppbyggingarsjóðs EES EFTA og til samstarfsáætlana ESB í fjárlögum, ríkisreikningi og fjármálaáætlun

Farið var yfir erindi um meðhöndlun skuldbindinga vegna framlaga til Uppbyggingarsjóðs EES EFTA og til samstarfsáætlana ESB. Málið verður skoðað á milli fundi og rætt á næsta fundi.

4. Mál til umræðu og kynningar

Ekki voru önnur mál en þau sem fjallað var undir lið nr. 3 til umræðu.

5. Ákvarðanir og úrskurðir

Reikningsskilaráð samþykkir að heimila frestun í ríkisreikningi 2021 á innleiðingu IPSAS staðla nr. 13, 35, 36, 37 og 38 sem farið var yfir í lið nr. 3.1. Um leið leggur ráðið áherslu á að í skýringum við reikninginn verði gerð ítarleg grein fyrir þessum frestunum og áhrifum þeirra.

6. Önnur mál.

Rætt var um álitamál sem upp hafa komið varðandi hvernig eigi að fara með leigusamninga með tilliti til fjárfestinga í þjóðhagssuppgjörum.

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl. 10:00.

Næsti fundur miðvikudaginn 18.maí kl. 9:00.